

Ársskýrsla FÍSOS 2018 – 2019

Helga Maureen Gylfadóttir

Fundir í stjórn og verkskipting

Síðasti aðalfundur *FÍSOS* var haldinn 10. október 2018 kl. 17.00 á Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8, 101 Reykjavík. Þar var kjörin ný stjórn og skipti stjórn með sér hlutverkum á fyrsta fundi sínum. Helga Maureen Gylfadóttir var kjörin formaður, Gunnþóra Halldórsdóttir varaformaður, Jón Allansson gjaldkeri, Ingibjörg Áskelsdóttir ritari og Ásdís Þórhallsdóttir meðstjórnandi. Sigríður Þorgrímsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson voru kjörin sem varamenn. Ákveðið var að varamenn sækja fundi stjórnar.

Stjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu. Auk hefðbundinna funda hafa stjórnarmenn tekið að sér hin ýmsu verkefni og leyst þau ýmist í samráði við aðra *FÍSOS* féлага eða á eigin vegum. Þá hafa verið samskipti með tölvupósti og ýmis mál rædd og leyst með þeim hætti.

Seta í ráðum og nefndum

Safnaráð

Stjórn *FÍSOS* ákvað á fundi sínum **20. október 2016** sl. að tilnefna Gunnþóru Halldórsdóttur og Harald Þór Egilsson sem fulltrúa *FÍSOS* í safnaráð frá og með **1. janúar 2017 til 31. desember 2020**. Haraldur Þór og Gunnþóra sóttu fundi ráðsins á starfsárinu líkt og skipunarbréf geri ráð fyrir.

Húsafriðunarnefnd

Þann **13. janúar 2017** tilnefndi Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS), Íslandsdeild Alþjóðráðs safna (ICOM) og *FÍSOS* eftirfarandi fulltrúa í húsafriðunarnefnd: Helgu Maureen Gylfadóttir og Jón Sigurpálsson. Helga Maureen sótti fundi nefndarinnar starfsárið 2018-2019.

Rannsóknasetur í safnafræði

Stjórn *FÍSOS* skipaði á fundi sínum **20. október 2016** Ingibjörgu Áskelsdóttur sem aðalfulltrúa og Lindu Ásdísardóttur sem varafulltrúa í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum. Enn hefur ekki verið fundað í ráðinu síðan tilnefningin var send inn.

Farskólinn

Farskóli *FÍSOS* hefur verið haldinn á hverju ári síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna. Á hverju hausti hittast safnmenn, bera saman bækur sínar, skoða hvað er verið að gera á landinu í safnamálum og styrkja sín tengslanet.

Á aðalfundi 2017 var ákveðið að halda farskóla 2018 á erlendri grund og í framhaldinu skipaði stjórn *FÍSOS* farskólastjórn 2018. Farskólastjóri var skipaður Helga Einarsdóttir, þá hjá *Þjóðminjasafni Írlands*, og með henni í farskólastjórn voru Hlín Gylfadóttir hjá *Borgarsögusafni Reykjavíkur* og Þóra Sigurbjörnsdóttir hjá *Hönnunarsafni Íslands*. Farskólinn 2018 var haldinn 11.-14. september í Dublin og hér má sjá dagskrá skólans en frekari umfjöllun um dagana í Dublin er að finna í skýrslu farskólastjórnar sem finna má á [heimasíðu](#) félagsins.

Stundaskrá - Farskóli FÍSOS í Dublin 2018

	Þriðjudagur 11. sept (bls. 4)	Miðvikudagur 12. sept (bls. 11)	Fimmtudagur 13. sept (bls. 25)	Föstudagur 14. sept (bls. 33)
Fyrir hádegi	06:20 Flug frá KEF 10:05 Koma til Dublin 11:00-14:45 Útsýnisferð um Dublin	9:00-10:00 Fyrirlestur í Alex Hotel: Gina O'Kelly formaður IMA (bls. 11) 10:30-13:00 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 NMI - Archaeology (bls. 12) 2 NMI - Natural History (bls. 13) 3 Epic-The Irish Emigration Mus. (bls. 14) 4 National Gallery of Ireland (bls. 15) 5 Chester Beatty Library (bls. 16) 6 National Photographic Archive og Gallery of Photography (bls. 17)	9:30-13:00 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 Little Museum of Dublin og Grand Lodge of Ireland (bls. 26) 2 Dublinia og Dublin Castle (bls. 27) 3 NMI - Archaeology (bls. 28) 4 Book of Kells & The Old Library (bls. 29) 5 Temple Bar Gallery + Studios og Royal Hibernian Academy (bls. 30) 6 Tenement Mus.-14 Henrietta St. (bls. 31)	7:45 Tékká út af hóteli 8:45 Akstur á flugvölli 11:45 Brottför frá Dublin
Hádegi kl. 13-14				
Eftir hádegi	14:45 Innritun á hótél 15:30-18:00 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 Epic-The Irish Emigration Mus. (bls. 5) 2 GPO Witness History (bls. 6) 3 Hugh Lane Gallery (bls. 7) 4 Science Gallery Dublin (bls. 8) 5 National Gallery of Ireland (bls. 9)	14:00-16:30 Skipulagðar safnaheimsóknir 1 Kilmainham Gaol (bls. 18) 2 Irish Museum of Modern Art (bls. 19) 3 Irish Film Institute (bls. 20) 4 NMI - Safnfræðsla (bls. 21) 5 NMI - Forvarsla (bls. 22) 6 NMI - Sýningar (bls. 23) 16:30-18:45 Heimsókn á sýningu The Guinness Storehouse (bls. 24) Frjáls tími um kvöldið	Söfn að eigin vali	14:00 Koma til KEF
Kvöld	Frjáls tími um kvöldið Val (skránning): Dublin Literary Pub Crawl Hópur A leggur af stað kl. 18:15 (bls. 10) Hópur B leggur af stað kl. 18:45 (bls. 10)		18:00-01:00 Árshóstið FÍSOS í sal O'Callaghan Alex Hotel (bls. 32)	

Stjórn *FÍSOS* færir farskólastjórn 2018 bestu þakkir fyrir skipulagningu og undirbúning farskóla *FÍSOS* á Írlandi 2018. Við, sem höfum komið að skipulagningu farskóla, þekkjum að það krefst mikils undirbúnings og vinnu.

Farskólinn í ár er haldinn hér á Patreksfirði. Farskólastjóri er Inga Hlín Valdimarsdóttir hjá Minjasafni Egils Ólafssona að Hnjóti og þökkum við henni kærlega fyrir þetta góða heimboð og þá góðu daga sem hér eru í vændum. Ásamt Ingu Hlín skipa farskólastjórn þau Sigurlaugur Ingólfsson, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Aldís Snorradóttir, Listasafni Reykjavíkur og Ármann Guðmundsson, Þjóðminjasafni Íslands. Þá var Sigrún Ásta Jónsdóttir, Gljúfrasteini, með í upphafi skipulagningarinnar. Farskólastjórn kallaði eftir erindum en markmið skólans er að félagar vinni þétt saman á fjölbreyttum málstofum og læri hver af öðrum. „Með því þéttum við hið samofna net safna og safnafólks á Íslandi, okkur og samfélaginu til heilla“ eins og segir í kynningu. Upphaf skólans má rekja til þessara einkunnarorð hans í dag og ljóst að það var mikið heillaspor fyrir félagið að efna til fyrsta skólans árið 1989. Farskólinn hefur vaxið og dafnað þessi 30 ár en grunnstefið er enn endurmenntun félagsmanna. Ekki má

gleyma að maður er manns gaman og þessi árlegu fundir hafa eflt kynnin og skapað góðan félagsanda.

Stjórn *FÍSOS* þakkar farskólastjórn 2019 kærlega fyrir alla þeirra góðu vinnu og undirbúning og bið þau að koma hér fram og taka við góðum óskum okkar og við skulum gefa þeim gott lófaklapp.

Félagatal

Í dag eru skráðir **323** félagar í *FÍSOS*, **293** einstaklingar og **30** stofnanir. Frá síðasta aðalfundi hafa eftirtaldir nýir félagsmenn verið samþykktir, sem og söfn og stofnanir:

- Ásdís Þórhallsdóttir, Listasafni Reykjavíkur
- Bóel Hörn Ingadóttir, BA í fornleifafræði
- Sigríður Regína Sigurþórsdóttir - kvikmyndafræðingur
- Sunna Björg Ernudóttir – nemandi í hagnýtri menningarmiðlun
- Ríkey Hlín Sævarsdóttir, Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Anna Þórunn Hjálmarsdóttir, Minjasafnið á Akureyri
- Aðalsteinn Hjartarson, Þjóðminjasafn Íslands
- Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir, Safnahúsið Borgarnesi
- Aldís Snorradóttir, Listasafn Reykjavíkur
- Ingibjörg Hannesdóttir, Listasafn Reykjavíkur
- Kvikmyndasafn Íslands
- Sigurður Gunnarsson, Listasafn Íslands
- Þórir Ingvarsson, Þjóðminjasafn Íslands
- Vala Karen Guðmundsdóttir, Listasafn Íslands
- Hólmar Hólm, Hafnarborg
- Guðrún Jóna Halldórsdóttir, Listasafn Íslands
- Linda Guðmundsdóttir, nemandi í safnafræði við H.Í.
- Dr. Heiða Björk Árnadóttir, list- og safnafræðingur, með MA gráðu í safnafræðum frá HÍ og doktorspróf í listfræðum frá UBC í Vancouver, Kanada.

Póstlisti

Einungis skráðir félagsmenn/söfn eru á póstlista. Þá eru þar einungis **246** netföng sem tákna að um **77** félagsmenn eru ekki á póstlista *FÍSOS*. Stjórn *FÍSOS* hvetur félagsmenn til að uppfæra netfang sitt á póstlistanum til að vera vel upplýst/ur um það sem er í gangi hjá félaginu.

Heimasíða

Fréttir og tilkynningar frá stjórn félagsins hafa verið jafnt og þétt settar inn á síðuna. Þá eru fundargerðir stjórnar færðar inn á síðuna. Einnig var bætt inn síðu þar sem er að finna efni útgefið af félaginu e.o. Safnablaðið *Kvist*, *Ljóra* og *Fréttabréf safnmanna*.

Safnablaðið Kvistur

Á aðalfundi félagsins 2016 var samþykkt að félagið tæki að sér útgáfu safnablaðsins *Kvists*. Þáverandi stjórn *FÍSOS* taldi að áframhaldandi útgáfa blaðsins væri íslensku safnastarfi til framdráttar og gæti þar að auki nýst til að auka sýnileika félagsins og efla starf þess. Núverandi stjórn tekur undir það álit. Allur rekstur og útgáfa blaðsins er nú í umsjón *FÍSOS* og hefur verkefnið meðal annars aðskildan reikning í bókhaldi félagsins.

Styrkur fékkst úr safnasjóði árið 2019 fyrir útgáfu 6. tbl. *Kvists* að upphæð 700.000 kr. og með framlagi félagsgjalda sem og auglýsingatekna var útgáfa 6. tbl. tryggð. Blaðinu er dreift til þeirra félagsmanna sem greitt hafa félagsgjöld og þá er það einnig til sölu í **Bóksölu stúdenta** í Háskóla Íslands.

Fulltrúi stjórnar í ritstjórn er Gunnþóra Halldórsdóttir en aðrir í ritstjórn eru: Inga Lára Baldvinsdóttir, ritstjóri, Sigrún Kristjánsdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Ágústa Kristófersdóttir og Ingunn Jónsdóttir.

Stjórn *FÍSOS* færir ritstjórn *Kvists* bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að koma blaðinu út og í hendur félagsmanna. Bið fulltrúa ritstjórnar að standa á fætur og fundarmenn að hylla þau með lófaklappi.

Samfélagsmiðlar

FÍSOS heldur út fésbókarsíðu en fylgjendur hennar í dag eru **879**. Einnig heldur félagið utan um hóp á fésbókinni sem heitir *Safnmenn – FÍSOS félag íslenskra safna og safnmanna* þar sem félagsmenn eru hvattir til að deila viðburðum og öðru er viðkemur starfi safna. Í þeim hópi eru í dag **569** og er hópurinn opinn fyrir öllu áhugafólki um söfn og störf þeirra.

Ljóri og Kvistur – stafræn varðveisla

Að frumkvæði Ingu Láru Baldvinsdóttur voru skönnuð inn eintök af *Ljóra* þau sett á heimasíðu félagsins í desember 2018. Þá voru einnig sett inn skönnuð eintök af *Fréttabréfi safnmanna*.

Inga Lára benti á að einnig efnið ætti heima á **tímarit.is**. Í lok janúar 2019 var undirritaður samningur við **tímarit.is** um að setja inn safnablaðið *Kvist* og *Ljóra* og má nú finna þessi blöð þar. Safnablaðið *Kvistur* er þó settur inn ári eftir útgáfu þess.

Í dag eru í innskönnun fleiri eldri *Fréttabréf safnmanna* og verða þau sett inn á heimasíðuna um leið og innskönnun er lokið. Þessi fréttabréf teljast ekki til tímarit skv. skilgreiningu **tímarit.is** og eru því ekki inn á þeim vef.

SAMSTARFSSAMNING:

1. Tilgangur og efni samnings

1.1. Samningur þessi miðar að því að vinna stafrænar myndir af öllum útgefnum árgöngum Ljóra 1980–1991 (ISSN 2547-8222 ; 2547-8230 (eISSN)) og Safnablaðsins Kvists 2014– (ISSN 2298–6944 ; 2547–8214 (eISSN)), í samn-ingnum nefnt efnið. Jafnframt tekur safnið að sér að miðla endurgjaldslaust til almennings þeim gögnum er til verða á grundvelli samningsins.

2. Skyldur Félags íslenskra safna og safnmanna

2.1. Félag íslenskra safna og safnmanna afhendir safninu á PDF-formi tölublöð af Safnablaðinu Kvist sem hafa verið gefin út frá árinu 2014, og framvegis þau eintök sem gefin verða út.

2.2. Efni skal ekki birta á vef fyrr en 1 ári eftir útgáfuár þess. Safnið hefur heimild til að birta alla árganga Safnablaðsins Kvists innan veggja Þjóðarbókhlöðu, þ.e. í þeim tölvum sem hafa IP-tölur er tilheyra safninu.

Safnasjóður

Félagið sótti um í safnasjóð í nóvember 2018 og fékk úthlutað styrkjum í eftirfarandi verkefni:

Samtals styrkveiting úr aðalúthlutun safnasjóðs 2019: 3.900.000 kr.

Verkefnastyrkir í kr.:

- Námskeið fyrir safnafólk: Varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk. – **400.000**
- Farskóli FÍSOS 2019 – Patreksfjörður – **1.800.000**
- Safnblaðið Kvistur - 6. tbl. – **700.000**
- Safnadagurinn 2019 – **1.000.000**

Öll þessi verkefni voru eða verða unnin á árinu 2019.

Komdu á safn! — samstarf við Kvikmyndateymið MASH



Á alþjóðlega safnadaginn 2018 var frumsýndur fyrsti þátturinn í þrileiknum *Komdu á safn!* sem félagið vann í samstarfi við **MASH** kvikmyndateymi. Annar þátturinn var frumsýndur þann 16. nóvember 2018 og á alþjóðlega safnadaginn 2019 var lokaður þátturinn settur í loftið.

Markmiðið með myndbandsgerðinni var að vekja athygli á söfnum á Íslandi. Í þessum þremur myndböndum eru eftirtalinn söfn heimsótt: Þjóðminjasafn Íslands, Gljúfrasteinn, Byggðsafn Reykjanesbæjar, Grasagarður Reykjavíkur, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Einars Jónssonar, Landbúnaðarsafn Íslands, Glaumbær, Listasafn Akureyrar, Minjasafnið á Akureyri, Hvalasafnið á Húsavík, Minjasafn Austurlands, Íslenska stríðsárasafnið á Reyðarfirði, Sagnheimar í Vestmannaeyjum, Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og Listasafn Árnesinga.

Umsjón með myndbandsgerðinni fyrir hönd *FÍSOS* höfðu Linda Ásdísardóttir og Gunnþóra Halldórsdóttir og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Endurmenntun – Námskeið um varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk – 15.11.2019

Stjórn *FÍSOS* hefur í samstarfi við Nathalie Jacqueminet, forvörð, undirbúið endurmenntunarnámskeið fyrir safnafólk og er gert ráð fyrir að það fari fram 15. nóvember 2019 á Árbæjarsafni. Stjórn *FÍSOS* þakkar Nathalie fyrir hugmyndina og skipulagningu námskeiðsins og hvetur félaga til að kynna sér það þegar nær dregur en upplýsingar um námskeiðið verður kynnt á heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins sem og á póstlista.

Vinnustofur

Stafrænar lausnir fyrir söfn og setur – MME_x – 20.03.2019

Þann 20. mars 2019 stóðu Borgarsögusafn Reykjavíkur, Þjóðminjasafn Íslands og *FÍSOS*, með sýningunarskyldu frá safnaráði, fyrir málstofu í samstarfi við **MME_x** eða *Center for digital interpretation in museums*. **MME_x** var stofnað af smærri söfnum í Danmörku í þeim tilgangi að stuðla að góðum stafrænum miðlunarlausnum á sýningum safna og setra. Fyrirtækið hefur komið að fjölda slíkra verkefna, bæði sem ráðgefandi aðili og sem virkur þátttakandi.

Málstofan fór fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands miðvikudaginn 20. mars og fór fram á ensku. Hádegismatur og kaffi var innfalinn í skráningargjaldi sem var **krónur 2000**.



Digital media in museums

How to make meaningful interactive experiences in exhibitions?

The National Museum of Iceland, Reykjavík, March 20th 2019

9.00-9.15 Welcome	14.15-14.30 Coffee break
9.15-10.00 MMEx background, introduction and outreach By Mette Kanstrup, Director, MMEx	14.30-15.30 Interactive experiences in practise By Ludvig Lohse, Interactive Experiences Consultant and Project Manager, MMEx
10.00-11.00 How should it feel? Introduction to interactive experiences By Ludvig Lohse, Interactive Experiences Consultant and Project Manager, MMEx	15.30-16.00 Maintenance and operations of AV installations – how to?? By Anders Hall, Technical Project Manager, MMEx
11.00-11.30 How to adapt to Icelandic conditions? The Icelandic museums: Initial time to reflect, discuss internally and ask questions	16.00-16.20 Future collaboration part 1 Group discussions among Icelandic museums
11.30-13.15 Lunch and network Opportunity to discuss concrete projects or ideas with MMEx	16.20-16.40 Future collaboration part 2 Plenum discussion
13.15-14.15 How to manage AV development projects? Best practices By Anders Hall, Technical Project Manager, MMEx	16.40-17.00 Wrap-up

Að tala máli safna! Vinnustofa um lobbíisma/hagsmunagæslu – 10.05.2019

Þann 10. maí 2019 var haldin vinnustofa með Ember Farber frá Bandarísku safnasamtökunum (American Alliance of Museums, AAM) um gagnlegar og hagnýtar leiðir fyrir stjórnendur og starfsmenn safna til að vekja máls á mikilvægum hlutverkum og starfsemi safna. Vinnustofan var haldin í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu og var hún samstarfsverkefni Rannsóknaseturs í safnafræðum við Háskóla Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og FÍSOS.

Ember Farber er forstöðurmaður deildar um stjórnvaldstengsl og málstað (advocacy) safna innan bandarísku safnasamtakanna (American Alliance of Museums, AAM). Hún hefur áralanga reynslu af því að kynna söfn og starfsemi þeirra fyrir opinberum aðilum og almenningi með ýmsum aðferðum: svo sem eins og áætlana- og undirbúningsgerð safna, persónulegum tengslum, starfi með grasrótarsamtökum, og notkun á stafrænum samskipum

eins og félagsmiðlum. Ember hefur yfirumsjón með málstaðssíðu AAM (www.aam-us.org/advocacy), en síðan aðstoðar söfn í Bandaríkjunum við að segja sögur af mikilvægu starfi þeirra, því sem þau hafa fram að færa og miðla því til opinberra aðila sem sjá um stefnumótun, fjölmiðla og almennings. Ember hefur haldið sambærilegt vinnustofu og hún heldur hér á landi víða um Bandaríkin.

Dagskrá vinnustofu – fyrirlestrarsalur Þjóðminjasafns Íslands

13:00 – 13:10 Kynning: Helga Maureen Gylfadóttir, formaður FÍSOS

13:10 – 14:00 Fyrirlestur: Ember Farber, Director of Government Relations & Advocacy at AAM

14:00 – 14:15 Kaffihlé

14:15 – 15:30 Vinnustofa og samræður

Fyrir áhugasama viljum við einnig benda á bók forvera Ember Farber í starfi, Gail Ravnitzky Silberglid, **Speak Up For Museums: The AAM Guide to Advocacy** (2011), sem fáanleg er m.a. á Amazon.

Innlent samstarf

FÍSOS og ICOM - Safnadagurinn 2019 – Söfn sem menningarmiðstöðvar: Framtíð hefðarinnar.

Árið 2019 var í Safnadagurinn haldinn í fjórða sinn þann 18. maí. Stjórn FÍSOS þakkar öllum þeim sem tóku þátt í Safnadeginum 2019 sem og stjórn ICOM fyrir gott samstarf.

Á aðalfundi 2018 voru fundarmenn sammála um að ekki yrði gerð sú krafa að söfn yrðu með viðburði á sjálfan Safnadaginn 2019.

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvöttu söfn á Íslandi til að taka þátt í alþjóðlega safnadeginum út frá þemanu „*Söfn sem menningarmiðstöðvar: Framtíð hefðarinnar.*“ Félögin tvö nýttu daginn til að kynna safnastarf á Íslandi með öflugum hætti.

LESUM – Gefið var út fjórblöðungur sem fylgdi Fréttablaðinu **18.05.2019** þar sem áhersla var á ljósmyndasöfn um landið.

HORFUM – Þriðja myndbandið í þrileiknum „Komdu á safn“ sem FÍSOS framleiddi í samstarfi við Kvikmyndateymið MASH var frumsýnd.

HLUSTUM – Samlesnar auglýsingar á RÚV á rás1 og rás2.

NOTUM MYLLUMERKIN! – Samfélagsmiðlar #Safnadagurinn #MuseumDay

Söfn voru hvött til að nýta sér samfélagsmiðla og voru þátttakendur hvattir til að merkja myndir og færslur með myllumerkinu #safnadagurinn og #MuseumDay á instagram, twitter og facebook. Hægt var að deila viðburðum á facebook síðum FÍSOS og safnadagsins.

Hlutverk safna í samfélaginu er að breytast. Söfn eru í stöðugri endurnýjun í viðleitni sinni til að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri, aðlögunarhæfari og

hreyfanlegri stofnanir. Þau hafa breyst í menningarmiðstöðvar sem skapa umhverfi þar sem sköpunargleði er sameinuð þekkingu og þar sem gestir geta einnig skapað með öðrum, deilt og átt samskipti.

Um leið og söfnin hafa varðveitt meginhlutverk sitt, við að safna, varðveita, miðla, rannsaka og sýna, hafa þau gerbreytt starfsvenjum sínum til að vera áfram nær þeim samfélögum sem þau þjóna. Í dag leita þau eftir nýstárlegum leiðum til að takast á við félagsleg vandamál og átök samtímans. Með því að starfa á staðnum geta söfn einnig barist fyrir og dregið úr alþjóðlegum vandamálum og lagt sig fram um að mæta áskorunum nútímasamfélagsins að fyrra bragði. Sem stofnanir eru söfn í hjarta samfélagsins og geta þannig komið á samtali á milli menningarheima, byggt brýr fyrir heimsfrið og skilgreint sjálfbæra framtíð.

Söfn aðlagast hlutverki sínu sem menningarmiðstöðvar í auknum mæli og hafa einnig fundið nýjar leiðir til að heiðra safnmuni sína, söguna og arfleifð, og þannig skapað hefðir sem munu hafa nýja merkingu fyrir seinni kynslóðir og mikilvægi fyrir æ margbreytilegri samtímaviðtakendur á heimsvísu. Þessi umskipti, sem munu hafa djúpstæð áhrif á safnafræði og starfsvenjur, neyða okkur einnig til að endurskoða hvaða gildi söfn hafa og endurskoða þau siðfræðilegu mörk sem skilgreina sjálft eðli starfs okkar sem safnasérfræðinga.

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af *International Council of Museums (ICOM)*. Þátttakendur eru um 40.000 söfn í 140 löndum. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert öll árin síðan 1977

Við hvetjum félagi til að merkja inn á dagatalið hjá sér **Safnadaginn 18. maí 2020** sem ber þá upp á mánudagi.

Í fjórblöðunginum sem fylgdi Fréttablaðinu var ákveðið að hafa ljósmyndina í forgrunni og beina athygli að þeim söfnum sem búa yfir talsverðum safnkosti á því sviði og söfnin segi frá því.

4 KYNNINGARBLAÐ SAFNABLAÐIÐ

FRÉTTARLAÐIÐ

18. MAÍ 2019 LÖNDUNGLAÐ

Mikið safn af myndum um lífið fyrir á árum

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Mikið safn af myndum um lífið fyrir á árum

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Myndir sem sýnir glögg þróun byggðar

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Alþjóðlegi safnadagurinn er laugardaginn 18. maí 2019

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

Skógasafn er staðsett á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið aukningar ferðamanna til landsins.

FÍSSOS og ICOM – Safnaverðlaun 2020

Stjórnir FÍSSOS og ICOM unnu á árinu að gerð verklagsreglna er kemur að umsýslu vegna safnaverðlaunanna. Meðal þess sem þurfti að vera skýrara eru störf valnefndar og skýrari skiptingu verkefna á milli félaganna tveggja. Valnefndin hefur nú þegar hafið störf en líkt og fyrr er ekki gefið upp hverjir sitja í henni.

Stjórnir FÍSSOS og ICOM hafa ákveðið að verðlaunin verða afhent á **18. maí 2020**. Leitast verður til þess að forseti Íslands afhendi þau en ekki á Bessastöðum líkt og undanfarin ár heldur á safni á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt er að því að afhendingin fari fram að loknum venjubundnum vinnudegi.

Samstarf FÍS, Námsbrautar í safnafræði við Háskóla Íslands og FÍSSOS

FÍS, Félag íslenskra safnafræðinga, Námsbraut í safnafræði við H.Í. og FÍSSOS hafa unnið að því að fá hingað til lands Ninu Simon en hún stofnaði **OF/BY/FOR ALL** og er höfundur metsölubókanna **The Participatory Museum** (2010) og **The Art of Relevance** (2016). Nina hefur víðtæka reynslu úr safna- og menningargeiranum, m.a. stýrði hún um árábil *Santa Cruz Museum of Art and History*.

Til stóð að hún héldi námskeið þann 12.10. nk. hér á landi en hún varð því miður að fresta því af óviðráðanlegum orsökum. Mikil áhugi var á meðal félagsmanna FÍSSOS fyrir þessum viðburði og er nú unnið að því að finna nýja dagsetningu. Ingunn Jónsdóttir, formaður FÍS og safnafræðingur, leiðir verkefnið.

Samstarf RÚV og FÍSSOS – Sumarmál sumarið 2019 og samlesnar auglýsingar

Þátturinn *Sumarmál* var á dagskrá **Rásar 1** nú í sumar, dagana 1. júlí til 9. ágúst. Í samráði við þáttarstjórnendur var dagskráliður er nefndist **Safn vikunnar** á dagskrá á mánudögum og tóku eftirtalin söfn þátt í verkefninu: Síldarminjasafni Íslands á Siglufirði, Hafnarborg, Listasafn Reykjavíkur, Byggðasafn Vestfjarða, Steinhús og Snjáfjallasetur og Amtsbókasafnið á Akureyri. Þáttarstjórnendur voru afar ánægð með framlag félagsmanna til verkefnisins og er von á því að því verði framhaldið næsta sumar.

Undanfarin ár þá hefur FÍSSOS í samvinnu við auglýsingardeild RÚV staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki safna með samlesnum auglýsingum á útvarpsrásum 1 og 2 hjá Ríkisútvarpinu. Var sami háttur á og fyrri ár.

Erlent samstarf

NAME - *Nordic Association for Museum Education*

NAME er norrænt tengslanet fyrir starfsmenn og sérfræðinga fræðslu á söfnum og menningarstofnunum. NAME samanstendur af fimm norrænum félögum: FÍSSOS, SFF (Noregur), FUISM (Svíþjóð), Pedaali (Finnland) og MiD (Danmörk). FÍSSOS hefur tekið virkan þátt í tengslanetinu frá byrjun árs 2015.

NAME fékk ekki styrk sem það sóttist eftir til að halda verkefninu áfram árið 2018. Verkefnið er því í biðstöðu.

NEMO - *Network of European Museum Organisation*.

Dagana 15. og 16. nóvember 2018 sóttu Ingibjörg Áskelsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttur, fyrir hönd stjórnar **FÍSOS**, aðalfund og árlega ráðstefnu á vegum **NEMO** í Valletta á Möltu. **NEMO** heldur þessar ráðstefnu árlega og var þetta í 26. sinn sem hún var haldinn. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Museums out of the box!* eða *Söfn út fyrir boxið!* og var haldin í nýja listasafni þeirra Möltubúa, **MUZA**, í Valletta.

Ráðstefnan var um margt áhugaverð að mati Ingibjargar og Sigríðar, en áhersla hennar var að segja frá verkefnum sem færa starfsemi safna á einhvern hátt út fyrir söfnin sjálf, hefðbundin umfjöllunarefni þeirra og hvernig má ná til og vinna með jaðarhópum samfélagsins. Eyjarskeggjar hafa t.d. brugðið á það ráð að bjóða foreldrum ókeypis aðgang á söfn ef þau koma með börnin sín með sér, vegna þess að þeir sáu það að börn eyjunnar heimsóttu söfn sjaldan fyrir utan skólaheimsóknir. Hagfræðingurinn **Marie Briguglio** var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, og hún reiknaði það m.a. út með hávísindalegum hagfræðiformúlum, að heimsókn á safn eykur lífshamingjuna! Mjög skemmtilegur fyrirlesari með öðruvísi nálgun. Svo komu hinir ýmsu fyrirlesarar fram og sögðu frá verkefnum sem unnin hafa verið með þessi leiðarljós að vopni.

Í lok dags var ráðstefnugestum skipt niður í vinnustofur sem unnu þá með ólík verkefni. Ingibjörg og Sigríður sóttu vinnustofuna *Museums and Intangible heritage*. Þar var sagt frá verkefnum sem að hin ýmsu söfn hafa unnið með óáþreifanlegan menningararf og hvernig þau geta almennt stuðlað að varðveislu hans. Einnig var boðið upp á leiðsagnir, siglingu og skoðunarferð um Möltu.

Nú liggur fyrir að 27. aðalráðstefna **NEMO** verður haldinn 7.-10. nóvember 2019 á Eistlandi og munu fulltrúar stjórnar sækja hana.

NEMO býður félagsmönnum reglulega til funda víðsvegar um Evrópu, sem þau nefna *vinnustofur safnmanna* eða *Learning Exchange*. Þar sem **FÍSOS** er félagi í **NEMO** geta félagsmenn **FÍSOS** sótt þessa fundi. Þeir sem hafa áhuga fá uppáskriftað frá stjórn **FÍSOS** um að þeir séu gildandi félagsmenn og senda svo umsókn til **NEMO** um ósk að taka þátt í vinnustofu. **NEMO** greiðir að jafnaði hverjum þátttakenda 600 evrur í ferðar- og dvalarkostnað.

Dagana 6.-7. desember 2018 var haldin vinnustofa **NEMO** í London sem bar yfirskriftina *Museums and Social Impact*. Ingibjörg Áskelsdóttir sótti þessa vinnustofu og gaf henni hæstu einkunn. **FÍSOS** hvetur aðra félagsmenn að nýta sér þessar vinnustofur sem best.

Nordisk Museumsforbund

Nordisk Museumsforbund hélt í Helsinki ráðstefnu fyrir um ári síðan undir heitinu *Hvar eru landamærin? Áskoranir í norrænni safnafræði*.

Stjórn *FÍSOS* hefur verið í samskiptum við stjórn *Nordisk Museumsforbund* en þau eru nú að vinna að styrkumsókn í norræna sjóði um frekari þinghöld og rannsóknir. Þar sem rannsóknin er á sviði safnafræði þá hafði stjórn *FÍSOS* samband við Sigurjón Baldur hjá safnafræði við Háskóla Íslands og hefur hann tekið að sér samskipti og samvinnu við stjórn *Nordisk Museumsforbund*.

Að endingu

Hér hefur verið farið yfir það helsta sem á daga stjórnar *FÍSOS* hefur drifið síðan á Sjóminjasafninu fyrir ári síðan. Sýnileiki safna hefur verið eitt helsta verkefni stjórnar á liðnu starfsári og er það von stjórnar að sú áhersla hafi verið safnastarfi í landinu til bóta. Nú er það nýrrar stjórnar að ákveða verkefni næsta starfsárs.

Að lokum þakka ég félagsmönnum gott og gefandi samstarf á liðnu ári.

Helga Maureen Gylfadóttir,
Reykjavík, 02.10.2019.

Í stjórn félagsins sitja:

Formaður: Helga Maureen, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Varaformaður: Gunnþóra Halldórsdóttir, Kvikmyndasafn Ísland.

Gjaldkeri: Jón Allansson, Byggðasafnið á Görðum.

Ritari: Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Meðstjórnandi: Ásdís Þórhallsdóttir, Listasafn Reykjavíkur.

Varamenn: Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarður Reykjavíkur.